

Fundur fjölmeningarráðs 6.10.2022, Haldinn í fjölnotasal Bókasafnsins

Mættir: Sylwia Baginska, Aleksandra Wegrzyniak, Laura Cervera, Anna Karen Svövudóttir og Łukasz Michna (fjarfundur) Ólafía Björk starfsmaður ráðsins ritaði fund.

Dagskrá

Hlutverk fjölmeningarráðs:

Ólafía starfsmaður ráðsins segir stutt frá hlutverki fjölmeningarráðs og biður ráðið að fara yfir samþykktina.

Kosning formanns, varaformanns og ritara:

Anna Karen Svövudóttir, formaður

Laura Cervera, varaformaður

Aleksandra Julia Wegrzyniak, ritari

Fundartími:

Ákveðið að fundartími verði fyrsti þriðjudagur í mánuði kl. 17:00.

Aukafundur fjölskylduráðs 11 okt, formaður beðinn um að mæta og fara yfir helstu áherslur nýstofnað ráðs:

Helstu áherslur:

1. Að Hafnarfjarðarbær veiti börnum fræðslustyrk til að læra móðurmál og tungumál t.d. í pólska skólanum.
2. Að umsóknir séu ekki bara á íslensku, þær helstu, sem snúa að börnum og félagsþjónustu.
3. Að starfsfólki standi til boða og hafi svigrúm til íslenskunáms á vinnutíma.
4. Námskeið fyrir innflytjendur um stofnun fyrirtækja eða eigin rekstur.

Í sáttmála meirihlutasamstarfs stendur, að efla eigi að fjölmeningarráð, hvað þýðir það?

Er það aukið starfshlutfall verkefnastjóra eða fjármagn til ráðsins.

Brýnt að Hafnarfjörður hlúi vel að því flóttafólki og öðrum sem flytur í bæinn bæði börnum og fullorðnum.

Ákveðið að Anna Karen og Laura fari fyrir hönd fjölmeningarráðs á fundinn.

Önnur mál:

Fjölmeningarráð stefnir að því að auka sýnileika sinn með kynningu. T.d. með því að bjóða í kaffi eða halda annan viðburð og með bættri umfjöllun á vefsíðu bæjarins.

Fundi slitið 18:00 og næsti fundur ákveðinn 1 nóvember 2022, kl. 17:00.